

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur

Miðasala í síma 568 8000 -
og á netinu: www.borgarleikhuis.is

Miðasalan er opin: frá kl 10:00 alla virka daga. Netfang: midasala@borgarleikhuis.is

Hvað er kona?

LEIKLIST

Borgarleikhúsið

The Subfrau acts

Kóréografa: Arja Tilli og Sasha Pepel-yæv. **Leikmynd:** Metti Nordin Büningar, Marja Uusitalo, Charlotta Lundgren, Sonja Ericson Lýsing: Pasi Pehkonen **Hljóðblöndun:** Pietu Pietiäinen. **Leikarar:** Lotten Roos, Sonja Ahlfors, Ida Löken, Joanna Wingren. **Nýja sviðið, Borgarleikhúsið, föstudag, 28. maí 2005.**

ÞAD er tilhneiging í hefðbundnu leikhúsi að gera manninn að geranda atburðarásarinnar og láta konurnar vera viðfang sem snýst í kringum karlmanns-aðalhlutverkið. Hlutverk kynjanna í hefðbundnu leikhúsi staðfesta í of ríku mæli úreltar, íhaldsamar hugmyndir. Leikhúsið haltrar á eftir í þeirri umræðu sem á sér stað í samfélaginu. Kyn er tilbúningur. Kynhlutverk grímubúningur. Þetta fullyrða konurnar átta í samnorrena leikhópnum Subfrau.

Hver skilgreinir starf kvenna í leikhúsi og hvers konar kvenfyrirmyndir eru það sem birtast okkur á leiksviðinu? Hvers konar manneskja verður til ef við segjum já við hefðbundnum íhaldssömum ríkjandi hugmyndum um hvernig „sönn kona“ eða karlmaður á að vera? Verður einhver manneskja eftir? Hvað er kona? Hvernig er hægt að sýna hana á leiksviðinu? Hvernig getum við afbyggt kynhlutverkin? Hvað gerist ef við blöndum kynhlutverkunum tveimur saman? Hvað gerist þegar gríman fellur?

Að þessu spyr samnorreni kvenleikhópurinn Sub-Frau sem varð til í



Morgunblaðið/Eyþór

„Fjölhæfir leikarar opnuðu ýmsar dyr að galdraheimi sviðslistanna.“

Finlandi árið 2001. Viljinn til að skapa sér eigið rými, að ákveða sjálfverkið hvað þær eru, byggja upp hlutverk á nýjan hátt og þau samhengi sem þær vilja vinna í er það sem hefur leitt þær áfram. Uppsetningarnar eru orðnar sex, í hinum fyrri hafa þær mest rannsakað hvernig karlgervið er byggt upp og verður til, nú er komin röðin að konunni.

Í The Subfrau acts hafa þær fengið til liðs við sig tvo gjörólíka danshöfunda, konu og karl, þau Arja Tilli og Sasha Pepelyæv sem skapa með þeim hvort sinn dansleikhúspáttinn um listina að vera kona.

Þáttur finnska kóréografsins Arja Tilli nefnist Stay with me. Á nær auðu sviði, mynda glitrandi lengjur í næturklúbbsviðsinngangi bakgrunninn, útskornir bókstafir úr pappa á við og dreif um gölföld, til hægri DJ (Lotten Roos) fyrir aftan skemmt-

ara, hiphop á fullum styrk og við hlið mér á fyrsta bekk renglulegur strákur með hanakamb (Joanna Wingren) sem klappar af innlifun saman höndum og innan tíðar eru þær allar á sviðinu (Sonja Ahlfors og Ida Löken líka) í gervi karlmanna dansandi í hröðum takti tískunnar, klappandi og láta okkur klappa með, ofboðslegur gamansamar dugnaður við að vera „inn“. DJ-menningu, hiphopp-diskó-poppi og merkjadýrkun er teft gegn textum sem leikkonurnar skrifuðu til sjálfra sín þegar þær voru fimmtán ára. Textum sem lýsa niðurrifandi sjálfsgagnrými og kröfum um að vera bestar í skólanum, góðar í íþróttum, vinalagar, umhyggjusamar, fallegar og grannar. Um leitina að sjálfrí sér í hávaðasömum gleðigerviheimi fjallar þessi dansreía þarsem leikið er á satírískan og oft absúrðan hátt að kyn-

gervum, karlmennsku og kvenleika. Og ótrúlegt hvað þær hafa skoðað strákana vel!

Annar þáttur rússneska leikstjórans og kóréografsins Sasha Pepel-yæv nefnist Papier Mache. Með brotum úr textum rússneska skáldsins Daniil Kharms, brotum úr dansi, mímu, látbragðsleik eru búnar til þunglyndislegar, líka gamansamar, og symbolískar myndir, leikir þar sem leitað er „að opnum hliðum að svæðinu sem ekki er venja að hleypa kvenleikurum inná“ – svo notuð séu orð Pepelyæv sjálf. Og öllu er þessu vafð inni pappir. Konurnar fjórar, nú klæddar í lokaða gamaldags kvenkjóla með stífar hárgreiðslur, í upphafi með afskaplega gott vald á ímynd sinni, skrifa á pappir, rulla sér inni pappir; klippa niður pappir; éta pappir; fela sig á bakvið pappir; búa til blóm og fígúrus úr pappir – hvít

brúður verður að hænu og er svo tætt í sundur. Í gegnum pappírslóðið er barist við að ná til annarra og sjálfs sín. Skæri leika auðvit að stórt hlutverk og skæra-tónlistin – lagið sem þær fjórar spila saman á skæri eitt af eftirminnlegustu atriðum sýningarinnar. Það er reyndar athyglivert hve þær allar syngja vel og svo ekki sé minnst á saxófónleik Idu Löken og einsöng Lotten Roos.

Þetta var skemmtilegt kvöld þar sem hugsandi, fjölhæfir leikarar opnuðu ýmsar dyr að galdraheimi sviðslistanna og væri full ástæða til fyrir íslenskt leikhúsfólk, sem fjölmennni ekki beinlínis á sýningarnar, að fá þessar konur til sín um einhvern tíma þó ekki væri nema til þess að reka nefið rétt inn fyrir dyrnar og finna ilminn af nýjum hugsunum, nýjum leitaraðferðum.

María Kristjánsdóttir



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

EDITH PIAF Á AUSTURLANDI ÖRFÁ SÆTI LAUS!

Stóra sviðið

ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER

Athyglisverðasta áhugaleiksyning ársins. **Stúdentaleikhúsið.**
Pri. 31/5 kl. 20:00 **upselt** kl. 22:30 **nokkur sæti laus.**

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson

9. sýn. fös. 3/6 **nokkur sæti laus**, 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur

Lau. 4/6 **örfá sæti laus**, fim. 9/6, fös. 10/6.
Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.

KLAUFAR OG KONGSDÆTUR - H.C. Andersen

Sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus.** Síðasta sýningar í vor.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

RAMBÓ 7 - Jón Atli Jónasson

Fös. 3/6 **nokkur sæti laus**, lau. 4/6, fös. 10/6.

Valaskjálff Egilsstöðum

EDITH PIAF Á AUSTURLANDI - Söngdagskrá

Mið. 1/6 kl. 20:00 **örfá sæti laus**, fim. 2/6 kl. 20:00 **örfá sæti laus.**
Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.
Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546

Miðasala sími 551 1200 Netfang: midasala@leikhuisid.is Veffang: www.leikhuisid.is. Miðasalan er opin kl. 12:30-18:00 men og þri. Aðla daga kl. 12:30-20:00. Umupantari frá kl. 10:00 virka daga Þjóðleikhúsið sími 551 1200